

FJÖLHÚÐ

FJÖLHÚÐ er hálfgljáandi, hraðþornandi akrýlmálning, sem hefur gott efnaþol og gefur mjög góða tæringarvörn með réttum ryðvarnargrunni. Má mála við lágt hitastig.

Litir: Samkvæmt litakorti
Purrefni (% af rúmmáli): 40 ± 2
Blossamark: 25°C
Áferð: Hálfgljáandi
Gljáheldni: Frábær
Sveigjuþol: Gott
Vatnsþol: Mjög gott
Slitþol: Gott



Lokaumferð í eðlisþornandi málningarkerfi, t.d. á gáma og önnur stálvirki

Leysiefnaþol: Takmarkað
Efnaþol: Gott

Undirbúningur flatar:

Yfirborð flatar verður að vera hreint og þurr, óhreinindi skal hreinsa með viðeigandi hreinsiefni og þvo með ferskvatni.

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - mikron. Reiknuð þekja

	Þurr	Blaut	m ² /l
Möguleg:	60 -100	150 - 250	6,7 - 4,0
Dæmigerð:	80	200	5,0

Áhöld: Háþrýstisprauta, loftsprauta, pensill eða rúlla.

Þynnir/Hreinsun áhalda:
Fjölþynnir.

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar:
Þrýstingur við spíss 5 MPa (150 Bar, 2100 psi.)
Spíss: 0,018" -- 0,026" (0,46 -- 0,66 mm)
Sprautugeisli: 40 --65°
Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

Aðstæður við málun:

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Hita- og rakastig skal mæla í nánd við flötinn sem mála á.

Þurrktími:

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
 Ráðlagða filmuþykkt.
 Eina umferð á óvirkt undirlag.

Hitastig undirlags	5 °C	10 °C	23 °C	35 °C
Snertípurtt	40 mín.	30 mín.	20 mín.	15 mín.
Gegnumþurtt	17 klst.	15 klst.	10 klst.	6 klst.

Yfirmálunartími ¹

Lágmark	3 klst.	2,5 klst.	2 klst.	1,5 klst.
Hámark ²	-----	-----	-----	-----

¹ Upplýsingarnar eru miðaðar við yfirmálun með málningu af sömu gerð.

² Fyrir málun skal flöturinn vera hreinn og þurr.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.



Tillaga að málningarkerfi:

FJÖLGRUNNUR 1 x 40 mikron (þurrfilma)
FJÖLHÚÐ 2 x 60 - 80 mikron (þurrfilma)

Geymsla:

Vöruna skal geyma í samræmi við reglugerðir. Varan er best geymd á svölum og vel loftræstum stað, varin frá hita og beinu sólarljósi. Umbúðir skal geyma þéttlokaðar.

Meðhöndlun:

Sýnið aðgæslu. Hrærið upp fyrir notkun.

VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC efna fyrir þessa vöru fl. A/i 500 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 500 g/l.